

Aðalfundur foreldrafélags Dingeyjar skóla

verður haldinn í húsaáskynnum skólans þriðjudaginn 20. september 2016 klukkan 20:00. Foreldrafélög eru lögbundin og eru foreldrar hvattir til að taka þátt í stafi félagsins.

Dagskrá fundar:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf svo sem: Kosning stjórnar, fulltrúa í skólaráð og stigsfulltrúa
2. Vetrarstarf foreldrafélagsins
3. Önnur mál

kaffiveitingar



Kæru lesendur og auglýsendur

Hlaupastelpan kemur út á miðvikudögum og auglýsingum þarf því að skila á mánudögum

fyrir kl. 15:00. 😊

Verð hálsíðu er kr.3.200.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.4.300.- m.vsk

hlaupastelpan@isl.is—895-3386



Íbúð á Laugum til leigu, í Breiðanesi.

Hún er 70 fm og 3 herbergja.

Getur verið laus strax.

Nánari upplýsingar

gefa Ragnar í s. 898-9846 og Anita í s. 698-5161.



3. Snjómokstur

Samningar um heimreiðamokstur í sveitarfélaginu eru útrunnir.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir hugmyndum um endurskipulagningu sem snýr að skilgreiningu snjómoksturssvæða, verklagsreglum, tækjabúnaði og töxtum.

Sveitarstjórn stefnir á að halda áfram að bjóða uppá heimreiðamokstur í sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að endurskipulagningu heimreiðamoksturs í samræmi við umræður á fundinum og auglýsa eftir verkötum til að þjónusta fyrirfram skilgreind svæði í framhaldinu.

4. Samningur – Sundlaugin á Laugum

Lagður fram samningur milli sveitarfélagsins og North Aurora Guesthouse um tímabundna leigu á Sundlauginni á Laugum vegna atvinnu- og nýsköpunarverkefnisins North Aurora baths sem snýr að aukinni afþreyingu og þjónustu fyrir ferðamenn. Samningurinn er til fjögurra mánaða, frá 1. september til 31. desember 2016.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn. Arnór Benónýsson vék af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis.

5. Fundargerð Fræðslunefndar frá 29.08.2016

Lögð fram fundargerð Fræðslunefndar frá 29. ágúst s.l. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í 4. liðum.

2. liður fundargerðar; Reglur um skólaakstur í Þingeyjarsveit (drög)
Samþykkt að vísa reglunum til síðari umræðu og afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnar.

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

6. Tilnefning varafulltrúa í Fræðslunefnd

Þar sem varafulltrúi T lista í Fræðslunefnd, Anna Karen Arnarsdóttir er flutt úr sveitarfélaginu tilnefna fulltrúar T lista Freydísi Önnu Arngrímsdóttur í hennar stað.

Samþykkt samhljóða.

Til kynningar:

- Fundargerðir 283. og 284. funda stjórnar Eyþings
- Bændasamtök Íslands – Upplýsingaöflun vegna fjallskila
- Áhrif nýrrar húsnæðislöggjafar gagnvart sveitarfélögum
- Skýrsla starfshóps sambandsins um stefnumótun í úrgangsmálum
- Landsfundur um Jafnréttismál 2016

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:15



Fundargerð

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

08.09.2016

[198. fundur](#)

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 8. september 2016

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarrson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 6. lið; Tilnefning varafulltrúa í Fræðslunefnd.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri
2. Erindi frá Umf. Eflingu
3. Snjósmokstur
4. Samningur – Sundlaugin á Laugum
5. Fundargerð Fræðslunefndar frá 29.08.2016

1. Erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri

Tekið fyrir erindi frá Tónlistarskólanum á Akureyri dags. 2. og 18. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir að lögheimilissveitarfélagið greiði kostnað vegna tónlistarnáms nemenda á grundvelli samkomulags sem ríki og sveitarfélög undirrituðu árið 2011 um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda.

Sveitarstjórn samþykkir að þessu sinni að greiða kostnað vegna tónlistarnáms þess nemenda sem fellur undir reglur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda frá árinu 2011. Öðrum umsóknum hafnað.

2. Erindi frá Umf. Eflingu

Fyrir fundinum liggur erindi frá Kára Steingrímssyni f.h. Umf. Eflingar, dags. 21. ágúst s.l. þar sem sótt er um styrk til sveitarfélagsins til þess að greiða húsaleigu vegna íþrótt- og æfingatíma barna og unglinga.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til Félags- og menningarmálanefndar til umfjöllunar.

Til leigu hús!

Til leigu er lítið og notalegt hús í Aðaldal, húsið leigist með einhverjum húsgögnum og leigutímabil er frá 1.okt og fram á vor.

Upplýsingar gefur Bensi í síma 8666392



Íþróttæfingar í Stórutjarnaskóla

Í vetur ætlum við að bjóða upp á sameiginlegar íþróttæfingar fyrir nemendur í 7. – 10. bekk á skólasvæði Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla.

Blak á miðvikudögum kl. 16:00 – 17:30

Þjálfari: Olga Siminyakina. Æfingagjöldin eru 8000 kr. á önn.

Körfubolti á fimmtudögum kl. 16:00 – 17:00

Þjálfari: Jaan Alavere. Æfingagjöldin eru 7000 kr. á önn.

Æfingar hefjast 21. og 22. september.

Upplýsingar veita:

Nanna s. 8626240 og Marika s. 8497735

Íþróttanefnd Bjarma



Örnefni – gildi þeirra í fortíð og framtíð

Urðarbrunnur - menningarfélag og
Hið þingeyyska fornleifafélag bjóða
til kynningarfundar um örnefni og
gildi þeirra í fortíð og framtíð í

Seiglu - miðstöð sköpunar á Laugum í Þingeyjarsýslu laugardaginn 17.
september klukkan 15:00.

Fjallað verður um þann menningararf sem örnefnin eru og hvernig megi
nýta þau til þess að kasta ljósi á söguna og sem mögulegan valkost í
menningartengdri ferðaþjónustu með það að markmiði að létta ániðslu á
helstu náttúruperlur landsins. Kynnt verður verkefni sem lítur að merkingu
örnefna í skráningargrunn Landmælinga Íslands og möguleg notkun
þeirra upplýsinga á ferðalögum um landið.

Erindi flytja:

Hallgrímur J. Ámundason – verkefnisstjóri á örnefnasviði hjá Stofnun
Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

Rannveig Benediktsdóttir – verkefnisstjóri á sviði landupplýsinga og
örnefna hjá Landmælingum Íslands

Haldór Valdimarsson – verkefnisstjóri örnefnaverkefnis Urðarbrunnis
– menningarfélags

Urðarbrunnur-menningarfélag – Hið þingeyyska fornleifafélag –
Minjastofnun Íslands

37. tbl.
14. sept
2016
23. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



Nýr umboðsmaður TM og skrifstofan á nýjum stað

Nýr umboðsmaður TM í Norðurþingi, með aðsetur á Húsavík, er
Hjálmar Ingimarsson.

Samhliða þessari breytingu hefur umboðsskrifstofan verið flutt úr
Fransýnarhúsinu að Garðarsbraut 26, í verslunina Tákni að
Garðarsbraut 5.

Þar tekur Hjálmar vel á móti viðskiptavinum en afgreiðsla TM er opin
alla virka daga frá kl. 10-16.

TRYGGMÁGAMLIÖRÐER // Garðarsbraut 5 // 840 Húsavík
Sími 464 3366 // hjalmar@trismob.is // www.tm.is

